

Nd.

517. Frumvarp til laga

[220. mál]

um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Með tryggingafélögum er í lögum þessum átt við þá, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi. Löggin taka þó ekki til:

- a) almennatrygginga,
- b) atvinnuleysistrygginga,
- c) lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
- d) tryggingastarfsemi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, svo sem sjúkrasjóða stéttarféлага o. þ. l. Leiki vafi á, hvort tryggingastarfsemi fellur undir ákvæði laga þessara, sker félagsmálaráðherra úr.

2. gr.

Tryggingasjóður líftrygginga skal ávaxtaður á eftirfarandi hátt:

- 1) Í ríkisskuldabréfum.
- 2) Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 3) Í bönkum og sparissjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
- 4) Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem félagsmálaráðherra tilnefnir.
- 5) Í fasteign, sem félagið á og hefur aðalskrifstofur sínar í, svo og í íbúðarhúsum. Fasteignir samkvæmt þessum lið skulu aldrei metnar hærra en sem svarar  $\frac{3}{4}$  húsverðs samkvæmt brunabótamati og  $\frac{3}{4}$  fasteignamatsverðs eignarlóðar.
- 6) Í lánum, tryggðum með veði í tryggingum félagsins, allt að endurkaupsverðmæti þeirra.

Með tryggingasjóði, samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, er átt við samanlagt verðmæti allra gildra trygginga að viðbættum gjaldföllnum tryggingarupphæðum og tilkynntum, en ógreiddum, bónusupphæðum.

3. gr.

Fé tryggingafélaga, annað en lífeyrissjóður líftrygginga samkvæmt 2. gr., skal, að svo miklu leyti sem unnt er, ávaxtað samkvæmt ákvæðum 1.—5. töluliðs 2. gr., og jafnan skulu a. m. k.  $\frac{3}{4}$  samanlagðrar verðbréfa- og víxlaeignar vera ávaxtaðir á þann hátt, sem um ræðir í 1., 2. og 4. tölulið 2. gr., og í skuldabréfum sveitarfélaga.

4. gr.

Árlega skal verja 25% af ráðstöfunarfé tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á íbúðalánabréfum af Húsnæðismálastofnun ríkisins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið fyrirfram fyrir eitt ár í senn, að 25% af öðrum verðbréfa- og víxla kaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

Með ráðstöfunarfé samkvæmt þessari grein er átt við hreina aukningu að viðbættum afborgunum og útdregnum bréfum.

Kaupverð bréfa þeirra, sem tryggingafélög kaupa samkvæmt 1. málsgrein, skal miðast við hæstu lögleyfða fasteignalánsvexti á þeim tíma, er kaup fara fram. Skuldabréf með vísitölutryggingu afborgana og vaxta skal þó kaupa við nafnverði.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd skuldabréfakaupa samkvæmt 1. málsg. 4. gr., sem eiga skulu sér stað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, og hlutast að öðru leyti til um framkvæmd laga þessara.

Verði dráttur á skuldabréfakaupum umfram það, sem heimilt er samkvæmt reglum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. málsg., er ráðuneytinu heimilt að beita sektum, allt að 1% af þeirri fjárhæð, sem vantar á tilskilin kaup fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem drátturinn nemur.

6. gr.

Nú gegna fyrirsvarsmenn tryggingafélags eigi skyldum þeim, sem á þá eru lagðar með lögum þessum, og getur félagsmálaráðherra þá lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

7. gr.

Nú eru í lögum ákvæði um ávöxtun fjár einstakra tryggingafélaga, og skulu þau þá halda gildi sínu að því leyti, sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er fé tryggingafélags við gildistöku laga þessara ekki ávaxtað í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr., og skal þá félagsmálaráðherra veita félaginu frest til að koma þessum málum í lag. Lengd frestsins skal ákveða með hliðsjón af samsetningu verðbréfaeignar við gildistöku laganna, enda skuldbindi félagið sig til að fylgja ákvæðinni áætlun í þessu efni.

Félagsmálaráðherra getur fyrir 1. júlí 1964 ákveðið kaup íbúðalánabréfa, sbr. 2. málslið 1. mgr. 4. gr., á síðari árshefningi 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almennar athugasemdir.

Allmikill sparnaður á sér stað hér á landi innan vébanda tryggingafélaga, enda þótt verðbólguþróunin undanfarinn aldarfjórðung hafi valdið því, að líftryggingar og lífeyrstryggingar hjá tryggingafélögum eru nú aðeins brot af því, sem eðlilegt gæti talizt og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Bæði frá þjóðhagslegu sjónarmiði og sjónarmiði hinna tryggðu, sem átt geta öryggi sitt undir getu tryggingafélaga til að standa við skuldbindingar sínar, skiptir því verulegu máli, hvernig fé félaganna er ávaxtað. Í því sambandi skal á það bent, að á undanförunum árum hafa tryggingafélög haft tilhneigingu til að tengja lánastarfsemi sína að verulegu leyti öflun trygginga á þann hátt, að óheppilegt getur talizt.

Á undanförunum árum hefur verið leitað til tryggingafélaga um kaup skuldabréfa, m. a. vegna hins almenna veðlánakerfis. Hefur árangur orðið minni en til var ætlazt og þáttaka ekki orðið almenn í skuldabréfakaupum þessum. Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að afla á næstu árum lánsfjár hjá tryggingafélögum til íbúðalána, og er því með frumvarpinu lagt til, að lögfest verði ákvæði svipuð þeim, sem um lífeyrissjóði gilda samkvæmt reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt. Miðað við núverandi lánastarfsemi tryggingafélaga má áætla að ríkisstjórnin fengi með samþykkt frumvarpsins ráðstöfunarrétt á sem svarar 20 millj. króna lánsfé á ári, þar af ¼ frá tryggingasjóðum líftrygginga. Lenging lánstíma frá því, sem nú tíðkast um lán þessara aðila, gæti þó valdið nokkrum samdrætti á næstu árum.

## B. Athugasemdir við einstakar greinar.

### Um 1. gr.

Þar eð vandkvæði eru á að skilgreina til fulls, hvaða tryggingastarfsemi skuli talin falla undir ákvæði frumvarpsins, er lagt til, að þau taki til þeirra aðila, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi, með þeim undantekningum, sem upp eru taldar.

### Um 2. gr.

Tryggingasjóður líftrygginga er hliðstæða við fé lífeyrissjóða, og virðist því ástæða til, að svipuð ákvæði gildi um ávöxtun. Ákvæði 1.—4. tölulíðs eru samhljóða ákvæðum þeim, sem gilda um lífeyrissjóði þá, sem viðurkenningu fá hjá fjármálaráðuneytinu. Lán tryggð með veði í líftryggingum eru mikilvægur þáttur í starfsemi líftryggingafélaga, og enn fremur virðist eðlilegt að veita tryggingafélögum nokkra möguleika á að eignast fasteignir, sem veita verulega verðtryggingu og gætu haft í för með sér hagsbætur fyrir hina tryggðu.

### Um 3. gr.

Ekki þykir fært að gera að öllu leyti jafnstrangar kröfur í sambandi við ávöxtun á fé tryggingafélaga almennt og gerðar eru í 2. gr. um tryggingasjóð líftrygginga. Er því lagt til, að tryggingafélögum séu veittar nokkru frjálssari hendur um ávöxtun samkvæmt þessari grein.

### Um 4. gr.

Um ákvæði þessarar greinar skirskotast til þess, sem í almennum athugasemdum segir.

### Um 5.—9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.